

Reykjavík, 8. september 2017

Niðurstaða athugunar á markaðsefni GAMMA hf.

Fjármálaeftirlitið tók upplýsingagjöf og framsetningu Gamma Capital Management hf. (GAMMA) á markaðsefni um fjárfestingarsjóðinn Total Return Fund til athugunar. Athuginin beindist að því hvort auglýsing félagsins um ávöxtun sjóðsins, sem birtist í Morgunblaðinu þann 4. janúar 2017, væri í samræmi við 28. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sbr. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.

Fjármálaeftirlitið gerði eftirfarandi athugasemdir við efni auglýsingarinnar:

- Viðvörðun um áhættu af viðskiptum með hlutdeildarskírteini í sjóðnum var að finna neðarlega í auglýsingunni með mjög smáu lettri miðað við annan texta. Að mati Fjármálaeftirlitsins var framsetning ábendingarinnar ekki í samræmi við b-lið 2. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar en þar kemur fram að ef fjallað er um hugsanlegan ávinning af verðbréfavíðskiptum eða viðskiptum með fjármálagerninga skuli bent á hvers kyns áhættu sem því kunni að tengjast á sanngjarnan og áberandi hátt. Við mat á því hvað telst áberandi í heilsíðuauglýsingu telur Fjármálaeftirlitið nauðsynlegt að líta til þátta svo sem staðsetningar, framsetningar og stærðar þess texta sem um ræðir.
- Gengi sjóðsins var sett fram og borið saman við viðmiðunarvísitölu GAMMA. Samsetning eigna Total Return Fund er áhættusamari en samsetning markaðarins, sem viðmiðunarvísitala GAMMA miðar við. Áhættusamur sjóður er líklegri til að hafa hærri vænta ávöxtun en markaðurinn og því líklegur til að koma vel út í samanburði. Samanburður af því tagi yfir stutt tímabil sýnir hins vegar ekki muninn á áhættu fjárfesta. Að mati Fjármálaeftirlitsins var framangreint ekki í samræmi við a-lið 3. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar sem tiltekur að sé gerður samanburður á fjárfestingar þjónustu, viðbótarþjónustu, fjármálagerningum eða aðilum, sem veita slíka þjónustu, skuli samanburðinn vera marktækur og settur fram af sanngirni og jafnræði.
- Í auglýsingunni kom textinn *14,73% ávöxtun árið 2016* fram á mjög áberandi hátt; efst í auglýsingunni og með mjög stóru lettri í samanburði við annan texta auglýsingarinnar. Fjármálaeftirlitið taldi framangreint ekki í samræmi við a-lið 4. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar þar sem fram kemur að tilvísun í þróun og gengi skuli ekki vera áberandi atriði í markaðsefni.
- Viðvörðun um að tölur vísuðu til fortíðar og að árangur í fortíð gæfi ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur kom fram neðarlega í auglýsingunni, ásamt öðrum texta, með smærra lettri samanborið við annan texta. Fjármálaeftirlitið taldi framangreint ekki samræmast d-lið 4. mgr. 28. gr. reglugerðarinnar sem kveður á um að slík viðvörðun skuli vera áberandi. Hvað telst vera áberandi í heilsíðuauglýsingu verður að mati Fjármálaeftirlitsins að ráðast af heildarmati á nokkrum þáttum, s.s. staðsetningu í auglýsingu, framsetningu og stærð þess texta sem um ræðir.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

- Í auglýsingunni komu fram upplýsingar um uppsafnaðan árangur sjóðsins síðustu ár. Fjármálaeftirlitið taldi það ekki samræmast b-lið 4. mgr. sem kveður á um að viðeigandi upplýsingar, byggðar á 12 mánaða tímabilum, skuli gefnar um árangur síðustu fimm ára eða annað lengra tímabil, eftir því sem fyrirtæki ákveður. Það er álit Fjármálaeftirlitsins að með *viðeigandi upplýsingar, byggðar á 12 mánaða tímabilum* í ofangreindu ákvæði reglugerðarinnar sé átt við að upplýsa beri um ávöxtun sjóðsins fyrir hvert 12 mánaða tímabil starfstíma en ekki uppsafnaðan árangur heildartímabils.

Fjármálaeftirlitið krafðist viðeigandi úrbóta og í kjölfarið breytti GAMMA Capital Management hf. auglýsingunni þannig að hún samræmst kröfum 28. gr. reglna nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja, sbr. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti.